

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og Eflingar-stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar og Verkalýðs- og
sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Eflingar stéttarfélags, Verkalýðsfélags Hlífar og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis þann 4. janúar 2017, kl. 13:00, að Borgartúni 30.

Fulltrúi Eflingar á fundinum var Harpa Ólafsdóttir, fulltrúi Verkalýðsfélagsins Hlífar var Kolbeinn Gunnarsson og fulltrúi Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur var Kristján Gunnarsson. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundinum voru: Benedikt Valsson og Berglind Eva Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi breytingar við gerð heildarkjarasamnings voru samþykktar:

Þetta gerðist:

1. Túlkun á grein 1.9.1.3 vegna tímamældrar ákvæðisvinnu

Óskað eftir breyttri túlkun á grein 1.9.1.3. Óskað er eftir að launaflokkur vegna ræstingar í tímamældri ákvæðisvinnu hækki úr 115 í 117 og miðist við ræstingarstarf í starfsmati sem metið er eftir kerfisbundna endurskoðum með 266 stig.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin er sammála um að í samræmi við ákvæði gr. 1.9.1.3 í kjarasamningi aðila skuli röðun ræstingastarfa í tímamældri ákvæðisvinnu fylgja niðurstöðu starfsmats ræstingar sem raðast í lfl. 117 frá 1. maí 2014.

Við grein 1.9.1.3 bætist eftirfarandi tafla:

Tímavinna með 20% álagi (12% + 8%)									
L.fl.	Grunn- laun	Persónu- álag 2%	Persónu- álag 4%	Persónu- álag 6%	Persónu- álag 8%	Persónu- álag 10%	Persónu- álag 12%	Persónu- álag 14%	Persónu- álag 16%
Gildir frá 1. maí 2015 til 31. maí 2016									
117	1.916	1.954	1.993	2.031	2.069	2.108	2.146	2.184	2.223
Gildir frá 1. júní 2016 til 31. maí 2017									
117	2.027	2.067	2.108	2.148	2.189	2.229	2.270	2.310	2.351
Gildir frá 1. júní 2017 til 31. maí 2018									
117	2.084	2.126	2.167	2.209	2.251	2.293	2.334	2.376	2.418
Gildir frá 1. júní 2018 til 31. mars 2019									
117	2.126	2.168	2.211	2.253	2.296	2.338	2.381	2.423	2.466

2. Skýringarkassi við grein 1.3.1 um röðun í launaflokka fellur út:

Lægsta röðun starfsmanns skv. starfsmati miðast við launaflokk 115.

3. Ný grein 1.5.5 um aðalhreingerningu skólaliða

Yfirvinna skal greidd skólaliðum í grunnskólum þegar þeir sinna aðalhreingerningum.

Ákvæðið gildir frá 1. desember 2015.

4. Skýringarkassi við grein 1.9.1.8 um hreingerningar bætist við:

Um aðalhreingerningu skólaliða gildir grein 1.5.5.

5. Breyting á gr. 1.9.2 sem hljóði svo:

Taki ræstingarmaður aukastykki innan sama ræstingarsvæðis í beinu framhaldi af venjubundinni vinnu sinni, skal greiða fyrir þá vinnu með yfirvinnu.

6. Upphæðir og vísutölur uppfærðar í 3 og 7 kafla

Grein 3.4.3 hljóði svo:

Ef keyptur er matur hjá öðrum aðila en greint er í gr. 3.4.2 skulu starfsmenn greiða kr. 605,5 fyrir hverja máltíð frá og með 1. janúar 2016. Upphæðin skal síðan taka breytingum 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á matar- og drykkjavörulið (01) í vísitölu neysluverðs með vísitölu janúarmánaðar 2016 sem grunnvísitölu (221,7 stig). Reynist kaupverð vinnuveitanda á aðkeyptum mat lægra en sem nemur þessari upphæð skal miða greiðslur starfsmanna við það.

Grein 3.4.4 hljóði svo:

Starfsmenn sem ekki njóta mataraðstöðu samkvæmt greinum 3.4.1 - 3.4.3. skulu fá það bætt með fæðispeningum, sem nema kr. 402,2 fyrir hvern vinnuskyldudag, enda séu þá uppfyllt neðantalin skilyrði:

- Vinnuskylda starfsmanns sé minnst sem svarar hálfri stöðu á viku.
- Starfsmaður hafi vinnuskyldu á föstum vinnustað frá kl. 11:00 - 14:00 að frádregnu matarhléi.
- Matarhlé sé aðeins 1/2 klst. eða 1 kennslustund í skólum.

Greiðsla þessi skal breytast á þriggja mánaða fresti í samræmi við breytingu á matar- og drykkjavörulið (01) í vísitölu neysluverðs með vísitölu aprílmánaðar 2016 sem grunnvísitölu (222,74 stig).

Grein 3.4.5 hljóði svo:

Starfsmenn í vaktavinnu sem ekki njóta mataraðstöðu samkvæmt greinum 3.4.1 - 3.4.3. skulu fá það bætt með fæðispeningum, sem nema kr. 402,2 fyrir hvern vinnuskyldudag, enda séu þá uppfyllt neðantalin skilyrði:

- Vinnuskylda starfsmanns sé minnst sem svarar hálfri stöðu á viku.
- Starfsmaður hafi vinnuskyldu á vinnustað frá kl. 11:00 - 14:00 eða frá kl. 18:00 - 20:00 að frádregnu matarhléi.

Greiðsla þessi skal breytast á þriggja mánaða fresti í samræmi við breytingu á matar- og drykkjavörulið (01) í vísitölu neysluverðs með vísitölu aprílmánaðar 2016 sem grunnvísitölu (222,74 stig).

Grein 7.1.2 hljóði svo:

Dánarslysabætur eru frá 1. júlí 2016 til 1. janúar 2017:

1. Ef hinn látni var ógiftur, og lætur ekki eftir sig barn og hefur ekki séð fyrir öldruðu foreldri 67 ára eða eldri, kr.1.348.952.
2. Ef hinn látni var ógiftur, en lætur eftir sig barn (börn) undir 18 ára aldri og/eða hefur sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum 67 ára og eldri, kr. 8.416.075.
3. Ef hinn látni var í hjúskap, skulu bætur til maka vera kr. 11.564.130.

Hafi starfsmaður ekki verið í hjúskap en verið í óvígðri sambúð, sem að öðru leyti megi jafna til hjúskapar, skal sambúðaraðili eiga rétt til bóta eins og um hjúskap væri að ræða, enda hafi sambúðaraðili sannanlega haldið heimili með hinum látna um árabil, þó eigi skemur en 2 ár fyrir andlát hans.

4. Ef hinn látni lætur eftir sig barn (kjörbarn, fósturbarn) innan 18 ára aldurs, fyrir hvert barn kr.1.413.381. Sama rétt til bóta hefur barn (kjörbarn, fósturbarn) hins látna á aldrinum 18-25 ára, er stundar nám á framhaldsskóla- eða háskólastigi í a.m.k. 6 mánuði ársins.

Bætur greiðast aðeins skv. einum af töluliðum nr. 1, 2 og 3. Til viðbótar töluliðum nr. 2 og 3 geta komið bætur skv. tölulið nr. 4.

Rétthafar dánarbóta eru:

1. Lögerfingjar.
2. Viðkomandi aðilar að jöfnu.
3. Eftirlifandi maki eða sambúðaraðili.
4. Viðkomandi börn, en greiðist til eftirlifandi maka ef hann er annað foreldri, ella til skiptaráðanda og/eða fjárhaldsmanns.

Grein 7.1.3 hljóði svo:

Bætur vegna varanlegrar örorku.

Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli við tryggingarupphæðina kr. 20.527.758., þó þannig að hvert örorkustig frá 25-50% verkar tvöfalt og hvert örorkustig frá 51-100% verkar þrefalt.

Örorkubætur verði greiddar sem næst verðlagi greiðslumánaðar í stað slysdags.

Grein 7.1.4 hljóði svo:

Tryggingafjárhæðir verði endurskoðaðar tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí og hækki þá sem nemur breytingum á vísitölu neysluverðs. Við hækkun 1. janúar er notuð vísitala nóvembermánaðar fyrra árs og við hækkun 1. júlí er vísitala maímánaðar notuð til viðmiðunar. Grunnvísitala, miðað við framangreindar tölur, er 435,5 stig í maí 2016.

Grein 7.2.6 hljóði svo:

Tryggingin bætir tjón á farangri af völdum bruna, skyndilegs óhapps, innbrots, þjófnaðar og ennfremur ef hann glatast. Vátryggingarupphæð tryggingarinnar miðast við verðmæti farangursins, en þó að hámarki 570.911 kr. í hverri ferð. Fyrir hvern einstaka hlut, þar eða samstæðu er ekki. bætt hærrí upphæð en 109.424 kr. Bótaskylda takmarkast við þessa fjárhæð nema hluturinn og verðmæti hans hafi verið tilkynnt skriflega fyrirfram til þess sem gaf út ferðaheimildina og samþykkt, sbr. gr. 7.2.4. Nær tryggingin þá einnig til þess hlutar, jafnvel þótt verðmæti hans eða heildarbótafjárhæð fari með því fram úr

hámarksfjárhæðum hér á undan. Tjónþoli ber í eigin áhættu 20% af hverju tjóni, þó ekki lægri upphæð en kr. 9.512. Fjárhæðir þessar endurskoðast með sama hætti og um getur í grein 7.1.4.

7. Grein 4.2.1 um orlofsfé á yfirvinnu hljóði svo:

Starfsmaður skal fá 10,17% orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur samkvæmt samningi þessum. Við 30 ára aldur skal hann fá 11,59%. Við 38 ára aldur skal hann fá 13,04%, sbr. þó grein 4.2.4.

8. Grein 13.4.1 hljóði svo:

Launagreiðandi greiðir sérstakt gjald í fræðslusjóð sem nemur 0,82% af heildarlaunum.

9. Grein 13.6.1 hljóði svo:

Um lífeyrissjóði

Starfsmenn sem vinna samkvæmt samningi þessum skulu vera aðilar að þeim lífeyrissjóðum sem viðkomandi stéttarfélög eiga aðild að. Starfsmaður greiðir 4% iðgjald af heildarlaunum til lífeyrissjóðs og launagreiðandi með sama hætti 11,5% mótframlag. Í þeim tilvikum sem starfsmaður leggur til viðbótarframlag í séreignarsjóð, greiðir vinnuveitandi framlag á móti allt að 2% gegn 2% framlagi starfsmanns frá og með 1. maí 2005.

Í þeim tilvikum sem starfsmaður leggur til viðbótarframlag í séreignarsjóð, greiðir vinnuveitandi framlag á móti allt að 2% gegn 2% framlagi starfsmanns frá og með 1. maí 2005.

10. Breyting á grein 13.7.1

Við grein 13.7.1 bætist við eftirfarandi skýringakassi:

Þó skulu iðgjöld atvinnurekenda og þeirra sem stunda sjálfstæða starfsemi og lífeyrissjóða til starfsendurhæfingarsjóðs vera 0,10% af stofni til iðgjalds vegna árána 2016 og 2017 í samræmi við ákvæði 33. gr. laga nr. 124/2015.

11. Grein 14.1.3 verður grein 14.1.5

Í gildandi samningi láðist að hafa grein 14.1.3 í samningnum. Við gerð heildarsamnings er greinin sett aftur í samninginn sem grein 14.1.5 og hljóðar svo.

14.1.5 Aðilar eru sammála um að launagreiðandi greiði 0,04% til Starfsgreinasambands Íslands til þess að auðvelda samstarf sambandsins við Samband íslenskra sveitarfélaga í samstarfsnefnd vegna framkvæmdar á samningi þessum.

12. Grein 14.2.9.1 um trúnaðarmannanámsskeið

Við grein 14.2.9.1 bætist við eftirfarandi skýringakassi:

Fyrir Verkalýðsfélagið Hlíf gildir sérákvæði í viðauka II.

Í sérákvæðum fyrir Verkalýðsfélagið Hlíf bætist við eftirfarandi sérákvæði:

3. Trúnaðarmannanámsskeið

Grein 14.2.9.1 hljóðar svo:

Trúnaðarmönnum á vinnustað skal gefinn kostur á að sækja námskeið sem miða að því að gera þá hæfari í starfi.

Hver trúnaðarmaður hefur rétt á að sækja námskeið. Þeir sem námskeiðin sækja skulu halda reglubundnum launum í allt að tvær vikur á ári enda séu námskeiðin viðurkennd af samningsaðilum. Í fyrirtækjum þar sem starfa fleiri en 15 starfsmenn skulu trúnaðarmenn halda reglubundnum launum í allt að tvær vikur á fyrsta ári. Þetta gildir um einn trúnaðarmann á ári í hverju fyrirtæki séu starfsmenn 5-50 en tvo trúnaðarmenn séu starfsmenn fleiri en 50.

13. Ósamræmi í kafla um tímamælda ákvæðisvinnu.

Fulltrúar stéttarfélaganna bentu á að ekki er búið að ganga frá þeirri textabreytingu sem að þeirra mati þarf að fara fram í grein 1.9.1.8, 1.9.2 og 1.9.3 eftir að nýtt kerfi tók við fyrir tímamælda ákvæðisvinnu.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 13:45